

Ársskýrsla

Starfsárið 2025

Lögð fram á ársfundi, 27. maí 2026



STARFSENDURHÆFING
VESTFJARÐA

Efnisyfirlit

Inngangur	3
Um SEV	3
Stjórn	4
Hlutverk og markmið SEV	4
Fjármögnun	5
Samstarfsaðilar	6
Þátttakendur.....	7
Fjöldi þátttakenda og staða eftir endurhæfingu	7
Endurhæfingin	8
Dagskrá SEV	8
Atvinnutenging / IPS	10
Samstarf og þróun starfseminnar	10
Lokaorð	11

Inngangur

Í þessari skýrslu verður gerð grein fyrir starfsemi Starfsendurhæfingar Vestfjarða (SEV) starfsárið 2025. Helstu upplýsingum um stofnunina er gerð skil auk yfirlits yfir starfsemi ársins. Einnig verður fjallað um þróun starfsseminnar, samstarf og þekkingaröflun og þau verkefni sem framundan eru á komandi ári. Í þetta sinn koma ekki fram tölulegar upplýsingar um starfsemina og árangur hennar. Verða þær tölur gefnar út í sérstakri skýrslu síðar á árinu.

Um SEV

SEV er sjálfseignarstofnun sem var stofnuð 25. september 2008 að frumkvæði Lífeyrissjóðs Vestfirðinga. Í haust eru því 18 ár frá stofnuninni. Stofnaðilar SEV eru:

- Ísafjarðarbær
- Bolungavíkurkaupstaður
- Súðavíkurreppur
- Vesturbyggð
- Tálknafjarðarhreppur
- Reykhólahreppur
- Strandabyggð
- Kaldrananeshreppur
- Fjórðungssamband Vestfirðinga
- Vinnumálastofnun á Vestfjörðum
- Heilbrigðisstofnun Vestfjarða
- Heilbrigðisstofnun Vesturlands (Þá Heilbrigðisstofnunin á Hólmavík)
- Háskólaþing Vestfjarða
- Fræðslumiðstöð Vestfjarða
- Fjölmeningarsetur
- Gildi lífeyrissjóður (Þá Lífeyrissjóður Vestfirðinga)
- Verkalýðsfélag Vestfirðinga
- Verkalýðs- og sjómannafélag Bolungarvíkur
- Félag Járniðnaðarmanna
- Kjölur stéttarfélag (þá Félag opinberra starfsmanna á Vestfjörðum)

Starfsemi SEV fer fram að Suðurgötu 9 á Ísafirði, í húsnæði sem kallað hefur verið Vinnuver, en auk SEV eru þar einnig til húsa Vesturafl og Fjölsmiðjan. Auk þeirrar

fjölbreyttu dagskrár sem þátttakendur SEV geta nýtt sér í húsnæði SEV, sækja þeir einnig þjónustu til ýmissa fagaðila, bæði í fjarþjónustu og á svæðinu og fer sú þjónusta fram hjá viðkomandi þjónustuaðilum.

Forstöðumaður SEV er Harpa Lind Kristjánsdóttir, iðjuþjálfari og er hún í fullu starfi.

Sólveig Erlingsdóttir, þroskaþjálfari var allt árið 2025 starfsmaður SEV í 50% stöðu.

Stjórn

Stjórn er kosin á ársfundi til tveggja ára í senn, tveir fulltrúar eru kosnir annað árið og þrír hitt árið. Árið 2025 – 2026 er stjórn SEV skipuð eftirtöldum:

- Sigríður Lára Gunnlaugsdóttir, fulltrúi Heilbrigðisstofnunar Vestfjarða.
- Erla Edvardsdóttir, fulltrúi Vinnumálastofnunar.
- Sædís María Jónatansdóttir, fulltrúi Fræðslumiðstöðvar Vestfjarða.
- Elísa Stefánsdóttir, fulltrúi Verkalýðsfélags Vestfirðinga.
- Þórkatla Soffía Ólafsdóttir, fulltrúi Fjórðungssambands Vestfjarða.

Varamenn í stjórn eru:

- Aðalsteinn Óskarsson, fulltrúi Fjórðungssambands Vestfirðinga.
- Ólafur Baldursson, fulltrúi Verkalýðsfélags Vestfirðinga.
- Barbara Gunnlaugsson, fulltrúi Fræðslumiðstöðvar Vestfjarða.
- Jón Páll Hreinsson, fulltrúi Bolungarvíkurkaupstaðar
- Harpa Stefánsdóttir, fulltrúi Ísafjarðarbæjar.

Árið 2025 voru haldnir fjórir stjórnarfundir.

Hlutverk og markmið SEV

Hlutverk SEV er að veita starfsendurhæfingu þeim einstaklingum sem hafa þurft að hætta námi eða störfum vegna veikinda, slysa, félagslegra erfiðleika eða af öðrum ástæðum og vilja vinna að endurkomu á vinnumarkaðinn eða í nám.

Þátttakendur eru einstaklingar með örorkumat / endurhæfingarlífeyri, framfærslu frá sveitafélagi, á atvinnuleysisbótum eða ungt fólk án atvinnusögu og menntunar, sem þarfnast heildstæðrar endurhæfingar.

Markmið SEV eru;

- Að þátttakendur komist í vinnu eða nám sem styrkja mun stöðu þeirra gagnvart vinnumarkaði.
- Að lífsgæði þátttakenda aukist.
- Að lífsgæði fjölskyldna þátttakenda aukist.
- Að endurhæfing fari fram í heimabyggð.

SEV býður upp á heildstæða, einstaklingsmiðaða og þverfaglega starfsendurhæfingu þar sem þátttakendur fá stuðning og aðstoð frá starfsfólki SEV, við að vinna með þær áskoranir og hindranir sem standa í vegi fyrir atvinnuþátttöku. Er það gert í samvinnu við Virk starfsendurhæfingarsjóð, félags- og heilbrigðismálayfirvöld, mennta- og fræðslustofnanir, annað fagfólk og úrræðaaðila og fjölmarga vinnustaði á svæðinu.

Lögð er áhersla á að þátttakendur beri sjálfir ábyrgð á eigin endurhæfingu og þeir koma með virkum hætti að gerð endurhæfingaráætlunar sinnar frá upphafi endurhæfingar. Í endurhæfingunni er lögð áhersla á einstaklingsbundin úrræði sem miðast að því, að efla fólk til sjálfshjálpar eftir þörfum hvers og eins. Meðal annars með sálfræðiþjónustu, sjúkraþjálfun, líkamsþjálfun, næringarráðgjöf, menntun og fræðslu, fjármálaráðgjöf, o.fl., en síðast en ekki síst með samveru, jafningjastuðningi og daglegri virkni. Þannig er unnið að því að styrkja stöðu þátttakenda gagnvart vinnumarkaðinum. Þátttakendum er einnig gefinn möguleiki á því að prófa getu sína til vinnu í vinnuprófun, starfsþjálfun og/eða á almennum vinnumarkaði, ýmist samhliða endurhæfingu eða sem lokaskrefið í endurhæfingarferlinu og þannig studdir til að komast aftur út á vinnumarkaðinn á hraða sem þeir ráða við og hentar hverjum og einum.

Fjármögnun

Í lok október 2024 var undirritaður þjónustusamningur milli SEV og VIRK

Starfsendurhæfingarsjóðs sem gildir frá 1. október 2024 til 1. nóvember 2027. Eins áður er SEV að mestu leyti rekin fyrir sölu á þjónustu til VIRK. Annarsvegar er um að ræða mánaðarlegt fast framlag sem á að tryggja grunnrekstur starfseminnar á svæðinu og hins vegar greiðslur fyrir úrræði sem keypt eru fyrir hvern þátttakanda fyrir sig. Gerður hefur verið samstarfssamningur við Ísafjarðarbæ um að SEV sjái um ákveðið þjónustuúrræði fyrir einstaklinga með lögheimili í Ísafjarðarbæ er verið hafa í

starfsendurhæfingu gegn greiðslum frá sveitarfélaginu. Var byrjað að vinna eftir þeim samningi 1. janúar 2026 og bætast þar við tekjur Starfsendurhæfingar.

Rekstrartekjur ársins 2025 voru 48.166.685 kr. en rekstrarkostnaður samtals 48.172.644 kr. Haustið 2024 veitti VIRK SEV styrk upp á 5 milljónir króna sem ætlaður var til innleiðingar hugmyndafræði IPS í starfsemi SEV og reiknað var með að innleiðingarferlið myndi vara í eitt og hálf ár þ.e. seinni hluta 2024 og 2025. Tvær af þessum fimm milljónum voru nýttar árið 2024, þrjár árið 2025.

Vaxtastig var áfram hátt meirihluta ársins 2025 og vaxtatekjur því háar og varð þetta allt með til að lokaniðurstaða ársins var jákvæð um 1.025.942 kr.

Samstarfsaðilar

Helstu samstarfsaðilar SEV eru Vesturafli, Sjúkraþjálfun Vestfjarða, Festa sjúkraþjálfun, Fræðslumiðstöð Vestfjarða, Rúnar Helgi Haraldsson ráðgjafi Virk á Vestfjörðum, sérfræðingar og starfsfólk Virk í Reykjavík, sálfræðingarnir Katrín Sif Þór, Petra Hólmgrímsdóttir, Guðbjörn Lárus Guðmundsson og Elísabet Ólöf Sigurðardóttir, Katrín Garðarsdóttir fjármálaráðgjafi, Sandra Bjarnadóttir listmeðferðafræðingur, starfsmenn Geðheilsuteymis Heilbrigðisstofnunar Vestfjarða, auk fleira fagfólks sem komið hefur að meðferð, ráðgjöf og/eða kennslu hjá SEV. Einnig hefur ávallt verið góð samvinna við félagsþjónustur sveitarfélaganna á svæðinu. Eins og undanfarin ár var náið samstarf milli starfsmanna SEV og ráðgjafa Virk, sem funda alla jafna í hverjum mánuði. Er það samstarf mjög mikils virði og er mikilvægur þáttur í að tryggja samfellu í þjónustu við þátttakendur auk þess sem gott samstarf og samráð um þá þjónustu sem veitt er og þróun þjónustunnar er mikilvæg fyrir alla aðila. Rýnifundir með sérfræðingum Virk í Reykjavík hafa verið á föstum tímum einu sinni í mánuði, sem er mjög gott fyrirkomulag og auðveldar skipulag og undirbúning rýnnar. Er þá farið yfir stöðu endurhæfingar þátttakenda og teknar ákvarðanir um hvort og hvernig endurhæfingu einstakra þátttakenda skuli haldið áfram. Einnig hafa starfsmenn SEV þegið handleiðslu frá IPS sérfræðingi Virk, vegna innleiðingar þeirrar hugmyndafræði í starfsemi SEV. Var farið í þá innleiðingu að frumkvæði Virk, sem veitti sem fyrr segir, sérstakan styrk í það verkefni.

Árið 2025 hélt áfram samvinna SEV og Fræðslumiðstöð Vestfjarða um að kenna

námsleiðina Uppleið, fyrir þátttakendur SEV, Virk og Vinnumálastofnunar. Þetta var í annað skiptið sem þetta fyrirkomulag var viðhaft og hefur reynst mjög vel og þátttakendur ánægðir með námsleiðina. Samstarf við Fræðslumiðstöðina er mjög mikilvægt fyrir starfsemi SEV og hafa þátttakendur okkar notið góðs af því.

SEV á í góðu samstarfi við sjúkráþjálfunarstöðvarnar Festu og Sjúkráþjálfun Vestfjarða og hafa sjúkráþjálfarar þessara stöðva séð um sjúkráþjálfun þátttakenda SEV.

Þátttakendum gefst kostur á að fara í líkamsrækt hjá sjúkráþjálfurum í Sjúkráþjálfun Vestfjarða. Samvinna við Vesturafl var sem fyrr mjög góð og sáu Guðbjörg

Sveinfríður Sveinbjörnsdóttir, Þorgils Óttarr Erlingsson og Harpa Guðmundsdóttir áfram um vikulega vinnustofu fyrir þátttakendur. Reglulega eru þátttakendur hjá SEV

sem velja að taka sín fyrstu skref út á vinnumarkaðinn í vinnuþrófun í Fjölsmiðju

Vesturafls og halda Harpa, Guðbjörg og Þorgils utan um vinnuþrófanir þátttakenda í

Fjölsmiðjunni. Sandra Bjarnadóttir listmeðferðarfræðingur kom inn með námskeið sem

hún kallar “Skapandi leiðir til sjálfsþekkingar” þar sem hún veitir þátttakendur tækifæri

til að kynna skapandi leiðum til tjáningar og sjálfsvinnu. Petra Hólmgrímsdóttir

sálfræðingur hefur haldið áfram að koma reglulega vestur og veitir stórum hluta af

þátttakendum SEV sálfræðiþjónustu, auk þess sem hún hefur séð

um, eða komið að, kennslu margra námskeiða.

Þátttakendur

Fjöldi þátttakenda og staða eftir endurhæfingu

Ellefu einstaklingar hófu endurhæfingu hjá SEV í einstaklingsmiðaðri þverfagleglegri endurhæfingu árið 2025. Átta konur og þrjú karlar. Fjöldi þátttakenda sveiflast ætíð milli ára og einnig getur verið nokkur munur á fjölda fyrri hluta árs á móti seinni hluta. Fjöldi tilvísana frá VIRK stýrir þáttökufjöldanum.

Því miður eru ekki tiltækar að svo stöddu, upplýsingar um heildarfjölda þeirra sem stunduðu starfsendurhæfingu hjá SEV árið 2025. Sama á við um tölfræðigreiningu á bakgrunni og stöðu þátttakenda eftir endurhæfingu. Síðar á árinu er stefnt á að gefa út slíkt uppgjör í sérstakri skýrslu sem verður þá send til stofnaðila og annarra er koma að starfssemi SEV.

Endurhæfingin

Sem fyrr var öllum þátttakendum vísað til SEV af VIRK starfsendurhæfingarsjóði, eftir að hafa farið í gegnum inntökufæri þar. Við upphaf starfsendurhæfingar hjá SEV er staða þátttakenda metin, gert grunnmat og gerð einstaklingsmiðuð áætlun með hverjum einstaklingi fyrir sig. Við gerð áætlunar og markmiðssetningu, er tekið mið af þeim markmiðum sem sett hafa verið upp hjá VIRK. Markmiðið er að veita þjónustu og stuðning sem tekur mið af þörfum þátttakenda og vinna með þá þætti sem hindra atvinnuþátttöku.

Í þjónustusamningi milli SEV og VIRK, hefur VIRK skilgreint tvær tegundir úrræða. Annars vegar „Mat á stöðu einstaklinga“ sem er stutt, tveggja mánaða úrræði og hefur það að markmiði að meta raunhæfi þess að hefja markvissa starfsendurhæfingu og leggja grunn að frekari starfsendurhæfingu. Þátttaka einstaklings í þessu úrræði telst fullnægjandi ef honum tekst að mæta og taka þátt í þjónustu sem nemur 12-15 tímum á viku í fjórar vikur samfelld. Hins vegar er um að ræða úrræði sem kallast „Einstaklingsmiðuð þverfagleg starfsendurhæfing“. Hér þurfa þátttakendur að taka þátt í formlegri endurhæfingu sem nemur að lágmarki 15 - 20 tímum á viku og inniheldur bæði einstaklingsmiðaða þjónustu og hópúrræði. Einnig er möguleiki á að veita eftirfylgni í stuttan tíma eftir að formlegri endurhæfingu lýkur. Auk þessara heildstæðu úrræða hefur SEV boðið upp á kaup á stökum úrræðum fyrir einstaklinga sem eru ekki í fullri þjónustu hjá SEV. Um er að ræða vinnustofu, líkamsrækt, námskeið um ýmis efni og Fjármálanámskeið.

Dagskrá SEV

Á starfsstöð SEV á Ísafirði er boðið upp á fasta dagskrá fyrir hádegi alla daga vikunnar og var hún með nokkuð hefðbundnu sniði; hóptímar, vinnustofur, líkamsræktartímar, streitulosun og náttúrutímar, auk námskeiða um ýmis efni. Á vorönninni voru námskeiðin Áfall – hvað svo?, um afleiðingar áfalla og leiðir til bata og Geðrænar áskoranir og heilbrigð samskipti. Einnig var námskeiðið Heilsuefling þar sem fjallað var um næringu, hreyfingu, svefn, félagsleg samskipti. Á haustönn var námskeiðið Uppleið, sjálfsstyrkingarnámskeið byggt á HAM, sem haldið var í samvinnu við Fræðslumiðstöð Vestfjarða. Einnig voru þá vikulegir tímar í skapandi sjálfsskoðun, sem leidd var af listmeðferðarfræðingi. Á haustönninni var einnig boðið upp á Lagasmiðju í umsjá

Sigrúnar Sævarsdóttir-Griffiths. Þá var Fjármálanámskeið og Draumar og drekar einnig í boði á haustönninni í umsjá Katrínar Garðarsdóttur og vekja þau námskeið alltaf mikla ánægju þátttakenda. Að auki var Hjördís Björnsdóttir sjúkráþjálfari með fyrirlestur í desember. Yfir sumarmánuðina (júní, júlí og ágúst), er dagskráin meira utandyra og er þá boðið upp á fjallgönguáskoranir, vinnusmiðju í garðinum, jurtagöngur, fjöruferðir, sjósund og fleira skemmtilegt, auk annarra hefðbundnari dagskrárliða.

Endurhæfingin er ávallt miðuð að þörfum og getu hvers einstaklings fyrir sig og getur auk ofan nefndra dagskrárliða SEV innihaldið m.a. atvinnutengingu í einhverju formi, nám eða námskeið utan SEV, líkamsrækt, sundleikfimi, jóga og fleira sem talið er geta eflt og styrkt einstaklinginn andlega og/eða líkamlega. Árlega kaupir SEV fjölmörg námskeið fyrir þátttakendur bæði hér á svæðinu og netnámskeið. Eins og áður stóð sjúkráþjálfun, sálfræðiráðgjöf, náms- og starfsráðgjöf, fjölskylduráðgjöf, fjármálaráðgjöf, næringarráðgjöf, kírópraktor og önnur einstaklingsmiðuð þjónusta öllum til boða sem höfðu þörf fyrir hana.

Hreyfing og regluleg stuðningsviðtöl eru hins vegar fastur liður í endurhæfingarátætlun allra þátttakenda SEV. Mikil vinna fer í að halda utan um endurhæfingu og mætingu þátttakenda, en mætingin er einmitt sá þáttur sem oft er áskorun fyrir fólk í starfsendurhæfingu og er gjarnan birtingarmynd þess vanda sem fólk á við að stríða. Því er sú hvatning og stuðningur sem fólk fær í starfsendurhæfingunni bæði frá fagfólkinu en einnig frá öðrum þátttakendum, ómetanlegur. Dagskrá alla eða flesta virka daga hjálpar fólki einnig að skapa reglu og rúttínu í daglegt líf sem getur haft veruleg áhrif á andlega líðan fólks og skipt sköpum í bataferlinu. Margir þátttakenda SEV taka þátt í námskeiðum, námsleiðum og námi á framhaldsskólastigi utan SEV, sem er þá hluti af endurhæfingunni og greitt að hluta eða öllu leyti af SEV. Þátttakendur sem stunda nám sem hluta af endurhæfingunni nýta sér í mörgum tilfellum námsaðstöðu SEV til heimanáms, auk þess sem góðar aðstæður eru fyrir félagslegt samneyti þátttakenda í SEV og er alltaf eitthvað um það að fólk nýti sér að koma utan skipulagðrar dagskrár. Áfram hefur verið unnið að því að gera græna hornið okkar á lóð SEV fallett og notalegt og er það endalaus uppspretta skemmtilegra verkefna.

Engin tilvísun barst um þjónustu á sunnanverðum Vestfjörðum og hefur samstarf við tengilið SEV í Vesturbyggð því legið í dvala. Ekkert er þó því til fyrirstöðu að taka það

upp aftur berist tilvísanir um þjónustu þar. Engin starfsemi hefur verið á Ströndum þar sem enn hefur engin tilvísun borist um þjónustu á því svæði.

Atvinnutenging / IPS

Markmið endurhæfingar allra þeirra sem koma í starfsendurhæfingu hjá SEV er að komast út á vinnumarkaðinn. Flestir ná að prófa krafta sína á vinnumarkaði og/eða taka fyrstu skrefin til baka í vinnu á meðan á endurhæfingu stendur. Misjafnt er hvaða leið hentar hverjum og einum, en möguleiki er á að byrja í stuttum ólaunuðum vinnuprófunum, hlutastarfi á vinnusamningi eða ráðningu á almennum kjörum þar sem oftast er samið við vinnuveitendur um stigvaxandi starfshlutfall.

Um mitt ár 2024 veitti Virk styrk til innleiðingar hugmyndafræði IPS (individual placement and support) við atvinnutengingu í SEV. Um er að ræða gagnreynda hugmyndafræði sem reynst hefur vel við atvinnutengingu fólks með geðrænar áskoranir. Innleiðingin hófst síðsumars og hafa báðir starfsmenn SEV tekið netnámskeið um IPS og notkun þess í starfi og hafa unnið að því að tileinka sér og vinna eftir lykilþáttum hugmyndafræðinnar. Mikil líkindi eru með IPS og þeirri aðferðafræði sem áður var notuð við atvinnutengingu hjá SEV, sem hefur auðveldað innleiðinguna nokkuð. Innleiðing IPS hefur sér í lagi gefið tækifæri til að rækta samband og samvinnu við vinnumarkaðinn meira en gert var áður og hefur ráðning nýs starfsmanns í SEV gert það mögulegt að sinna þeirri vinnu. Hluti af innleiðingu IPS eru einnig reglulegir handleiðslufundir með IPS sérfræðingi hjá Virk í Reykjavík, sem hefur gefið góð ráð og ábendingar varðandi innleiðingu og notkun hugmyndafræðinnar.

Samstarf og þróun starfseminnar

Gott samstarf er komið á milli SEV og Vesturafis við Háskólann á Akureyri varðandi vettvangsnám iðjupjálfanema og undanfarin ár hafa reglulega komið iðjupjálfanemar í húsið. Bæði er um að ræða 10 vikna vettvangsnám iðjupjálfanema í starfsréttindanámi (sem er 4. ár námsins), en einnig styttri tímabil nema á fyrri stigum námsins. Árið 2025 kom enginn nemi til SEV/Vesturafis.

Forstöðumaður SEV hefur setið í stjórn Byr, samtaka starfsendurhæfingarstöðva og hefur þar unnið að verkefnum sem tengjast hagsmunum starfsendurhæfingarstöðvanna.

Starfsmenn SEV fóru í námsferð til Finnlands haustið 2025 vegna innleiðingarferils IPS hugmyndafræðinnar. Í þeirri ferð voru einnig starfsmenn af nokkrum öðrum starfsendurhæfingarstöðvum sem voru að innleiða IPS.

Vorfundur Byr var haldinn í lok maí 2025, þar sem forstöðumenn allra stöðvanna hittust og haldinn var forstöðumannafundur og ársfundur BYR. Er það mikill styrkur fyrir stöðvarnar að BYR fari með mál sem varða hagsmuni allra stöðvanna.

Lokaorð

Þetta er fyrsta starfsár SEV þar sem starfsmenn eru tveir og hefur það auðveldað starfið til muna og létt álagi af forstöðumanni. Meiri tími gafst fyrir nýsköpun í starfi og hægt var að minnka aðkeypta þjónustu að einhverju leiti. Jafnvægi var í rekstri SEV á síðasta ári en sýna þarf aðhald nú þegar fjármagna þarf fleiri stöðugildi auk þess að skoða hvort að fleiri möguleikar eru til fjármögnunar samhliða samningnum við Virk.

Sveiflur í þátttakendafjölda gera allar fjárhagslegar áætlanir erfiðar og það er áskorun að skipuleggja starfsemi þegar ekki er vitað hver innkoman er. En með auknum fjölda starfsmanna verður mögulegt að minnka aðkeypta vinnu á móti hærri launakostnaði. Fjárhagsleg staða SEV er þó í heildina góð og ætti að geta tekist á við ákveðnar sveiflur í rekstri. Þó smæðin veiti ákveðnar áskoranir, geta líka falist í henni tækifæri sem mikilvægt er að koma auga á og nýta. Við hlökkum til að halda áfram að þróa og bæta þjónustu við þátttakendur okkar á þeirra forsendum.

Sólveig Erlingsdóttir

Starfandi forstöðumaður SEV

Sigríður Lára Gunnlaugsdóttir

Formaður stjórnar SEV